

GREENCOAT®

COLORFUL STEEL

GreenCoat® er vörumerki í eigu SSAB samsteypunnar.



RAL 9005

Klettur

0,5mm • 0,6mm

RAL 3011

Mýri

0,5mm • 0,6mm

RAL 9010

Fönn

0,5mm • 0,6mm

RAL 7011

Steinn

0,5mm • 0,6mm

RAL 7038

Stormur

0,6mm

RAL 6020

Lyng

0,6mm

RAL 5009

Sær

0,6mm

RAL 9006

Ský

0,6mm

RAL 7016

Berg

0,6mm

RAL 9007

Þoka

0,6mm



Níðsterk og þróuð fyrir krefjandi aðstæður.
Tæringarflokkur; RC5.



Umhverfisvæn húð úr sænskri repjuólíu.



Hentar vel sem þak- og veggklæðning.



Gríðarlegt þol gagnvart útfjólublárrí geislun og aflitun.

HVAÐ ER GREENCOAT®?

GreenCoat® er umhverfisvænt litað stál framleitt

af SSAB fyrir sérstaklega krefjandi aðstæður.

Klæðningin er varin af húð unnin úr sænskri repjuolíu

og hefur gengið í gegnum áratugalangt þróunarferli

til að tryggja sem bestu endingu.

KLÆÐNING SEM POLIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Klæðning þarf ekki bara að líta vel út, en þarf líka

að þola erfitt veður, stöðugt áreiti og tærandi

aðstæður. GreenCoat® hefur verið þróað og prófað

til að þola þær sérstaklega erfiðu aðstæður sem

við þekkjum svo vel hér á landi.



GreenCoat® er húðað með einstakri blöndu framleidd úr sænskri repjuolíu.



GreenCoat® hefur verið þróað til að standast krefjandi aðstæður bæði vel og lengi.



TÆRING

Ending klæðningar veltur meðal annars á hversu vel hún þolir tæringu.

Einkunn: **5/5 RC**

Veður, selta, mengun, nálægð við sjó og aðrir umhverfisþættir tæra klæðninguna hægt og rólega. GreenCoat® er með hæstu mögulegu einkunn í tæringarþoli.

NAUÐSYNLEGT VIÐHALD

Ending klæðningar fer ekki bara eftir efni, staðsetningu og umhverfisþáttum heldur líka viðhaldi.



Reglubundin þrif fjarlægja salt, sand, sót og aðra óværu. Því er gott að þrifa klæðninguna á hverju vori og gera það hluta af reglubundnu viðhaldi á húsinu.



Á hverju húsi eru staðir eða hliðar þar sem regnvatn fellur ekki oft. Gott er að veita þessum stöðum sérstaka athygli og þrifa vel.

Hægt er að fyrirbyggja tæringu og aðra veðrun með reglubundnum þrifum, helst á hverju vori.



Við þrifin ætti að nota vatn og mjúkan bursta sem nær í flestar rifur. Þá má líka nota Háþrýstidælu.



Venjulegur uppþvottalögur er nóg til að ná flestum óhreinindum af en það má líka nota hreinsefni til iðnaðarnota í magni sem framleiðandi leggur til.

